



## Stjórnarfundur FFR

### Fundargerð

Fundur nr.: 2014-2015: 4 • Dagsetning: 23.10.2014 • Klukkan: 12:00. –...• Fundarstjóri: Borghildur Erlingsdóttir

**Viðstödd:** Borghildur Erlingsdóttir (BE), Ársæll Guðmundsson (ÁG), Halldór Ó. Sigurðsson (HÓS), Sigríður Lillý Baldursdóttir (SLB), Gissur Pétursson (GP). **Einnig mættu:** Steingrímur Ari Arason (SAA) og Kristín Völundardóttir (KV) frá starfskjaranefnd.

**Forföll boðuðu:** Guðjón S. Brjánsson (GSB), Kristín Linda Árnadóttir (KLÁ), Ingibjörg Sverrisdóttir (IS).

- Samþykki fundargerðar síðasta fundar 3. september 2014.**  
Fundargerð samþykkt án athugasemda.
- Frumvarp til laga um opinber fjármál.**  
Farið yfir áður samþykkt verkaskiptingu við yfirferð frumvarps og gerð umsagnar m.t.t. breytinga á frumvarpi frá fyrri gerð (fylgiskjal með fundi 2014-2015:2). Óbreytt skipan samþykkt. Ákveðið að formaður kynni hana fyrir félagsmönnum og kalli eftir athugasemdum við frumvarpið.
- Fundur með fjármálaráðuneyti**  
Formaður gerði grein fyrir fundi sem hún ásamt SAA áttu með Gunnari Björnssyni í fjármálaráðuneyti. Fundurinn var um málefni forstöðumanna og aðkomu þeirra að málum er varða starfskjör o.fl. Fallist var á að félagið fái styrk úr starfsmenntunarsjóði embættismanna til að greiða fyrir sérfræðing sem fær það hlutverk að útbúa verklag sem nota má við frammistöðumat forstöðumanna.
- Dagskrá funda fram að vori – samstarf við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála.**  
Gestur Páll Reynisson mætti á fundinn og gerði grein fyrir vinnu Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála að undirbúningi funda vetrarins. Erfiðlega hefur gengið að manna fund um flutning ríkisstofnana þrátt fyrir mikinn áhuga stofnunarinnar um að halda slíkan fund. Fundi um innri endurskoðun ríkisstofnana hefur verið frestað og ekki víst að af honum verði. Enn eru á áætluninni eftirtaldir fundir:  
Nóvember: Vistvæn innkaup  
Janúar: Nýsköpunarverðlaun
- Önnur mál**  
HÓS kynnti stöðu verkefnis sem byggir á Bókun 2 í samningi BHM og ríkisins dags. 28. maí 2014. Stýrihópur hefur verið skipaður, búið er að greina verkefnið, útbúa verklýsingu og velja þær stofnanir sem endurskoða á stofnanasamninga hjá sbr. meðfylgjandi samantekt HÓS.

Fundargerð rituðu SLB og KV.  
Fundi slitið kl. 13:45